HÚNAÞING VESTRA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Hvammstanga, 17. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál.

Húnaþingi vestra hefur borist beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál. Byggðarráð Húnaþings vestra tók málið til umfjöllunar og bókaði eftirfarandi á 1153. fundi sínum þann 17. október:

Einn af hornsteinum sjálfsstjórnarvalds sveitarfélaga er skipulagsvaldið. Með því frumvarpi sem hér er lagt fram er að mati byggðarráðs Húnaþings vestra vegið stórlega að því valdi. Ráðið tekur undir sjónarmið um að nauðsynlegt sé að einfalda regluverk til að flýta megi framkvæmdum við uppbyggingu raforkuinnviða. Það dregur hins vegar í efa að þær breytingar sem kynntar eru í frumvarpsdrögunum leiði til einföldunar og hraðari afgreiðslu mála en nú er.

Ráðið gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði:

Í 8. gr. frumvarpsdraganna kemur fram að raflínuskipulag sé rétthærra svæðis-, aðal- og deiliskipulagi. Í grein 9c kemur hins vegar fram að leyfisveitanda, sem samkvæmt frumvarpsdrögunum er raflínunefnd, heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru fram í gildandi skipulagsáætlunum. Skipuðum raflínunefndum er því falið skipulag sem rétthærra er gildandi skipulagsáætlunum samþykktum af sveitarstjórnum. Í næstu grein er svo veitt heimild til að skilyrði gildandi áætlana eigi við. Þar er um mótsögn að ræða.

Í 7. gr, lið c. (11.gr.c.) segir: „Raflínunefnd auglýsir tillögu að raflínuskipulagi og fer um auglýsinguna skv. 31. gr. Þá skal tillagan send til umsagnar hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum og umsagnaraðilum." Hér er sveitarstjórn orðin umsagnaraðili máls í sínu eigin sveitarfélagi og þannig gengið fram hjá skipulagsvaldi þess.

Í 9. gr. eru breytingar á 13. gr. laganna skýrðar: „Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Afla skal framkvæmdaleyfis raflínunefndar vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku þegar slík nefnd hefur verið skipuð vegna viðkomandi framkvæmdar." Hér er því enn gengið framhjá valdi sveitarstjórnar þar sem raflínunefnd gefur út framkvæmdaleyfi en ekki sveitarstjórn á grundvelli aðalskipulags.

Í greinum 10, 11, 12, 17 og 18 er margítrekað að raflínunefnd fer með leyfisveitingar og eftirlit með framkvæmdum. Raflínunefnd er því falið vald til að taka stjórnvaldsákvarðanir í stað sveitarstjórnar.

Framangreind dæmi sýna svo ekki er um villst að með frumvarpinu er gengið á skipulagsvald og sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga. Við það verður ekki unað. Byggðarráð Húnaþings vestra leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í óbreyttri mynd.

Ráðið gerir að síðustu athugasemd við skamman umsagnarfrest í eins viðamiklu máli og hér um ræðir. Jafnframt áskilur það sér rétt til umsagnar á síðari stigum málsins.
Byggðarráð samþykkir tillöguna samhljóða og felur sveitarstjóra að koma henni á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.